

ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS  
18.04.2021 (#2 2021-2022)

Stjórnarfundur er haldinn kl.16.30 í húsakynnum ÍSÍ, Engjateigi 6 í Reykjavík

Mættir eru **Hákon Hrafn Sigurðsson, Valerie Maier, Ingi Poulsen**, sem jafnframt ritar fundargerð, **Jón Ágúst Gunnlaugsson, Guðbjörg Jónsdóttir og Rún Friðriksdóttir**

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

**2. Keppnisumar 2021**

Fram fer umræða um keppnistímabilið framundan og áhrif COVID-19 á keppnisskipulag. Jafnframt er upplýst um framvindu skipulags unglingsþrúprautar.

**3. Styrkveitingar til félaga vegna unglingsþrúprautar**

Upplýst er að búið er að gera ráðningarsamning við starfsmann vegna unglingsþrúprautar. Starfslýsing liggur jafnframt fyrir.

Fram fer umræða um styrki til íþróttarfélaganna fyrir hverja unglingskeppni. Þá umræðu þarf að taka við formenn félaganna og niðurstöðu um hvernig því fyrirkomulagi verður best komið við á næsta tímabili.

**4. Upplýsingar styrkjamál Guðlaugar Eddu**

Fram fer umræða um stöðu Guðlaugar Eddu gagnvart stigasöfnun komandi móta.

**5. Önnur mál**

**a)** Fram fer umræða um ÍSÍ-þing sem er á næstu dögum. Hákon Jóns og Valerie mæta á þingið sem verður rafrænt. Ákveðið að Guðbjörg og Ingi verði varamenn.

**b)** Fram fer umræða um nýjan keppnisbúning en fyrir liggur að World triathlon gerir kröfu um að hann verði merktur með nýja merki samtakanna. Ákveðið að þrýsta á að merkingar verði tilbúnar fyrir næsta mót Guðlaugar.

**c)** Upplýst um að verkefnið „Hjólað í vinnuna“ hafi óskað eftir hugmyndum um stutta fyrirlestra í tengslum við verkefnið. Kallað verður eftir hugmyndum.

**d)** Lagt fram erindi Amöndu Marie Ágústsdóttur og Diðriks Stefánssonar, dags. 9. apríl. Með erindinu er stjórn ÞRÍ bent á nýlega birta dómsniðurstöðu dómstóls ÍSÍ í máli nr. 7/2020, Hákon Hrafn Sigurðsson gegn íþróttafélaginu Tindi. Í málinu er til umfjöllunar kæra Hákons á meintum lögbotum Tinds íþróttafélags en dómurinn féllst ekki á kröfu kæranda. Í erindinu láta bréfitarar í ljós þá afstöðu sína að Hákon Hrafn sé ekki stætt á að sitja í stjórn Þrúprautarsambands Íslands á meðan ásakanir þær sem málið byggir á eru til lykta leiddar.

Hákon Hrafn Sigurðsson vísar af fundi við umræðuna.

Stjórn leggur fram eftirfarandi bókun:

„Stjórn Þríþrautarsambands Íslands hefur yfirfarið málið og kynnt sér hina tilgreindu niðurstöðu dómstóls ÍSÍ. Stjórnin telur ekki ástæðu til að gera kröfu um að Hákon Hrafn stígi til hliðar á meðan framangreint mál er til lykta leitt. Hefur stjórnin fengið upplýsingar um að niðurstöðu dómstóls ÍSÍ hafi verið skotið til áfrýjunardómstóls ÍSÍ og að niðurstöðu hans sé að vænta á næstu dögum. Þá hefur stjórn sambandsins ekki borist ábendingar, gögn eða aðrar upplýsingar sem renna stoðum undir framangreindar ásakanir eða gefa með öðrum hætti tilefni til að gera breytingar á stöðu hans innan stjórnar á þessu stigi málsins. Stjórn Þríþrautarsambands Íslands telur að öllu ofangreindu virtu ekki ástæðu til að gera kröfu um að Hákon Hrafn stígi til hliðar að svo stöddu.“

Fundi slitið kl. 18.00